

Kópavogi, 12. ágúst 2019.

Ágæti skólastjóri.

[Skólagátt](#) hefur verið opnuð á ný eftir uppfærslu. Nú er hægt að uppfæra skráningar á bekkjum samkvæmt [forskrift](#) síðasta árs. Varðandi 1. bekk þá þarf að setja hann inn í Skólagátt á [þennan hátt](#). Skólastjórnendur þurfa að skrá nemendur og kennara í bekki. Ljúka þarf þeirri skráningu fyrir 31. ágúst.

Við minnum á dagsetningar samræmdra könnunarprófa en prófdagar verða sem hér segir:

Bekkur	Dagsetning	Námsgrein
7. bekkur	19. september	íslenska
7. bekkur	20. september	stærðfræði
4. bekkur	26. september	íslenska
4. bekkur	27. september	stærðfræði

Frestur til að skrá inn beiðnir um [stuðningsúrræði og undanþágur](#) er til 5. september.

Bent er á að ýmsar [leiðbeiningar](#) um Skólagátt er að finna á heimasíðu Menntamálastofnunar.

Undirbúningur fyrir samræmd könnunarpróf verður með sama hætti og áður hefur verið. Til dæmis verður boðið upp á upplýsingafundi og reglulegir upplýsingapóstar sendir skólum. Leiðbeiningar vegna framkvæmdarinnar er að finna [hér](#). Ef þú hefur ábendingar um hvað mætti betur fara eða ef það er eitthvað sem vantar upp á upplýsingagjöf okkar eða leiðbeiningar þá mátt þú gjarnan senda okkur línu á prof@mms.is

Með kveðju,
Sverrir Óskarsson,
sviðsstjóri matssviðs.